

söngsins. Og því meir þrútið sem brjóst hvers hermanns er af söng, því sigursælli er herinn. Þjóðin okkar á að vera á sigurleið. Hún þarf þá að verða syngjandi. Hver hermaður í herfylkingunni íslensku má þá ekki að eins raula eða kveða, þó það vitanlega sé mun betra en að þegja, heldur verður hann að syngja, og eiga góðan óm-botn í brjósti sér. Hann heldur ekki söngnum í sér, heldur lætur hann kveða við hreinan og sterkan og fjörugan. Þá fellur hver rödd samstilt saman og verður að söng—*að íslenskum þjóðsöng*, er lyftir og ber áfram alla, stór og sterkur, alt eins og lækirnir litlu fallast í faðma í fljótinu mikla og þunga, er ryður sér göng í gljúfrum, en með auknu aflí stekkur ofan—og stendur.

En óm-botninn þarf í æskunni að myndast og lagast og fá í sig hinn rétta hljóm, léttan og mjúkan. Einmitt á þeim tíma á að leggja undirstöðurnar, er seinna á að byggja ofan á, eða byrja það, er seinna á að þroskast og fullkonnast. Og á því ríður, að tíminn sé notaður vel. Á því ríður, að æskulýðnum sé komið til þess að syngja. Alt, sem í þá átt er gert, er til ómetanlegs gagns fyrir hann, en þá um leið fyrir alla þjóðina.

Það er gott og blessað, að ungmennin læri að leika á hljóðfæri. Enda er talsvert kappsamlega að því unnið. Áhugi er mikill fyrir því hjá fjölda foreldra. Hljóðfæri eru keypt handa börnunum undir eins og nokkur tók eru á, og kennarar fengnir. Enda fjölgar þeim óðum. Hópurinn þegar orðinn álitlegur.

En svo virðist sem tískan sé sterkasta aflíð, er knýi hér áfram. Það er siður í landinu, að ungmennin læri að leika á hljóðfæri. Og sjálfsagt er að fylgjast með. Ekki væri fallett af landanum að vera eftirbátur annarra í þeirri list.

Engum skal hallmælt fyrir það, þó hann láti tískuna vera sér hvöt hér. Tískan er góð, þegar hún miðar í rétta átt, eða kennir fólki að gera það, sem það á að gera, eins og hér á sér stað.

En það skal tekið fram, og þarf að gerast greinilega, að illa er farið, ef mest áhersla er lögð á listina að leika á hljóðfæri þau, sem mennirnir hafa búið til, en listin er vanrækt, sem enn þá meira er í varið: að leika á hljóðfærið, sem guð hefur gefið okkur mönnum — *á hljóðfærið í hálsinum á okkur*. Eða